

2. gr.

86

20. júní

Tilgangur sjóðsins er að styðja útbreiðslu íslenzkrar tónlistar með því:

- a. að styrkja með fjárframlögum endurrítun, fjölrítun, ljósmyndun eða prentun íslenzkra tónverka eða upptöku þeirra, enda fari Stef með flutningsrétt verkanna;
- b. að styrkja með fjárframlögum flutning íslenzkra tónverka innanlands og utan, ef Stef fer með flutningsrétt þeirra;
- c. að styrkja með fjárframlögum þátttöku Íslendinga í tónlistarmótum hér á landi og erlendis, ef þau geta talizt til stuðnings á útbreiðslu íslenzkra tónverka, sem Stef hefur flutningsrétt að.

3. gr.

Stjórn Stefs annast stjórn sjóðsins og varðveitir og ávaxtar fé hans. Hún má ráðstafa höfuðstólnum í samræmi við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir upp með ársreikningi Stefs af löggiltum endurskoðanda og síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Stefs. Eftir það skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Stefs til úrskurðar með ársreikningi félagsins og síðan sendir menntamálaráðuneytinu með reikningi Stefs.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

87

21. júní

varðandi innheimtu á veitingaskatti.

Sankvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99/1933, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá og með 1. n. m. vera kr. 8.50, enda sé innifalið í því verði andvirði allrar þjónustu.

Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1949.

F. h. r.

Einar Bjarnason.

Sig. Áskelsson.